

Fundargerð 60. fundar skráningarráðs Gegnis miðvikudaginn 11. maí 2011
haldinn í Landskerfi bókasafna, kl. 9.00-11.00.

Fundarmenn: Anna Sveinsdóttir (fundarritari), Gunnhildur Loftsdóttir, Sigrún J. Marelsdóttir og Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður).
Auk þess sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Landskerfis bókasafna.

1. **Fundargerð síðasta fundar** var yfirfarin og samþykkt.
2. **20. útgáfan, valkóðalistar og fleiri breytingar.**

Sigrún sagði frá undirbúningi að útgáfu 20 og skýrði frá stöðunni í dag. Ýmsar spurningar komu upp í því samhengi og Sigrún spurði m.a. að því hvort það myndi hjálpa að hægt væri að leita að orði úr titli í flettileit. Fundarmenn voru sammála um að það yrði sennilega frekar ómarkviss leit en gæti þó komið sér vel.

Vandræði hafa verið með heimildir í útgáfu 20 því of þröngar heimildir hafa erfst úr útgáfu 18. Dögg þarf líklega að fara yfir hverja einustu heimild.

Skoðaðir voru valkóðar í skráningarþætti og uppsetning þeirra. Búnir hafa verið til listar í nokkrum sætum í 007 og 008 sviðum, t.d. fyrir útgáfulönd og tungumál. Það kom í ljós á fundinum að það þarf að vinna aðeins meira í uppsetningu þeirra.

3. Önnur mál

Gildistími skírteinis

Rætt var hvort hægt sé að birta gildistíma bókasafnsskírteina þegar notandi hefur skráð sig inn á sínar síður í Gegni. Sigrún taldi það vel gerlegt.

Greiniskráning

Svið LKR \$n í greinifærslu sækir aðaltitil hýsils í svið 245 \$a í móðurfærslu. Í mörgum tilvikum er þörf á bæði 245 \$a og \$b vegna þess að aðaltitill er ekki nógu aðgreinandi. Æskilegt væri þess vegna að LKR \$n sækti titil í 245 \$a og \$b í móðurfærslu. Samþykkt var að beina til Landskerfis að koma því til leiðar.

Dæmi til skýringar:

Móðurfærsla nr. 001186877

245 \$a Rannsóknir í félagsvísindum XI : \$b Félags- og mannvísindadeild : erindi flutt á ráðstefnu í október 2010 : ritrýndar greinar /

Greinifærsla – kerfið skilar innihaldinu úr 245 \$a:

LKR \$n Rannsóknir í félagsvísindum XI :

Í Gegni eru nokkrar færslur með aðaltitlinum Rannsóknir í félagsvísindum XI. Þess vegna er þörf á að allur undirtitillinn úr \$b komi fram til aðgreiningar

(sjá mynd). Eins og er þurfa skrásetjarar að bæta undirtitlinum handvirkt í LKR \$n:

LKR \$n Rannsóknir í félagsvísindum XI : Félags- og mannvísindadeild : erindi flutt á ráðstefnu í október 2010 : ritrýndar greinar

Niðurstöður

Fjöldi Færsla

- 1 [Rannsóknir í félagsvísindum XI : Félags- og mannvísindadeild : erindi flutt á ráðstefnu í október 2010 : ritrýndar greinar /](#)
- 1 [Rannsóknir í félagsvísindum XI : Félags- og mannvísindadeild : erindi flutt á ráðstefnu í október 2010 : ritstýrðar greinar /](#)
- 1 [Rannsóknir í félagsvísindum XI : Félagsráðgjafardeild - ritrýndar greinar : erindi flutt á ráðstefnu í október 2010 /](#)
- 1 [Rannsóknir í félagsvísindum XI : Félagsráðgjafardeild - ritstýrðar greinar : erindi flutt á ráðstefnu í október 2010 /](#)
- 1 [Rannsóknir í félagsvísindum XI : Lagadeild - ritrýndar greinar : erindi flutt á ráðstefnu í október 2010 /](#)
- 1 [Rannsóknir í félagsvísindum XI : Lagadeild - ritstýrðar greinar : erindi flutt á ráðstefnu í október 2010 /](#)
- 1 [Rannsóknir í félagsvísindum XI : Stjórn málafræðideild - ritstýrðar greinar : erindi flutt á ráðstefnu í október 2010 /](#)
- 1 [Rannsóknir í fornsögu Norðurlanda.](#)
- 1 [Rannsóknir í fornsögu Norðurlanda : nokkrar athugasemdir viðvíkjandi fornsögu Svía og fornum ættartölum.](#)
- 2 [Rannsóknir í fornsögu Norðurlanda](#)

Skráning lokaverkefna

Í maí 2010 var samþykkt á fundi háskólabókavarða að háskólarnir myndu hætta skráningu lokaritgerða í grunnámi í Gegni. Staða þessa máls er eftirfarandi samkvæmt upplýsingum frá Astrid A. Magnúsdóttur HA (febrúar 2011) og Ingibjörgu S. Sverrisdóttur Lbs-Hbs (mars 2011):

- ✓ Háskólinn á Akureyri hætti að skrá ritgerðir í grunnámi í Gegni í júní 2010
- ✓ Háskólinn á Bifröst hætti að skrá ritgerðir í grunnámi í Gegni 1. janúar 2010
- ✓ Menntavísindasvið HÍ skráir ritgerðir í „fjargeymslu“ og að afnot séu óheimil
- ✓ Samstarfsnefnd HÍ og Lbs-Hbs hefur ákveðið að hætt verði að skrá ritgerðir í grunnámi í Háskóla Íslands í Gegni frá og með hausti 2011
- ✓ Aðrir háskólar skrá ritgerðir í grunnámi ennþá í Gegni

Lokaverkefni í framhalds- og doktorsnámi verða áfram skráð bæði í Skemmuna og Gegni en kannað verður hvort hægt verði að færa skráningarfærslur í Skemmu yfir í Gegni til að spara vinnu.

Fundarritari fór af fundi kl. 10:25 en viðbætur við fundargerð um greiniskráningu og skráningu lokaverkefna bárust frá öðrum fundarmönnum. Næsti fundur er áætlaður miðvikudaginn 8. júní kl. 9.